

Ár 2013, fimmtudaginn 3. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Vinnumálastofnunar

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Vinnumálastofnunar er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða honum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 14. janúar 2013 frá forstjóra Vinnumálastofnunar þar sem þess er óskað að kjararáð endurskoði laun forstjórans. Í bréfinu kemur fram að gífurlegt álag hafi verið á starfsemi Vinnumálastofnunar frá efnahagshruninu í október 2008. Á sex mánuðum hafi atvinnuleysi í landinu aukist frá 0,8% í ágúst það ár í 9,2% í mars 2009. Þessu ástandi hafi Vinnumálastofnun mætt með fjölgun starfsmanna og endurskipulagningu verkferla til að ráða við afgreiðslu umsókna um atvinnuleysisbætur innan eðlilegra tímamarka. Álag vegna þessa verkþáttar hafi verið stöðugt síðan en jafnframt hafi verið efnt til fjölmargra átaksverkefna til að örva atvinnuleitendur til virkni og til að auka skilvirkni í vinnumiðlun. Fáar opinberar stofnanir hafi þurft að mæta afleiðingum efnahagshrunsins með jafn áþreifanlegum hætti og Vinnumálastofnun, en skjólstæðingar hennar teljist í tugum þúsunda. Fram kemur að starfsmönnum hafi fjölgað um 40% frá því í október 2008 og séu nú 162 á launaskrá. Fjármálaleg umsýsla stofnunarinnar hafi aukist frá því að vera tæpir sjö milljarðar króna árið 2008 í um 36 milljarða á árinu 2013. Stofnunin starfi á 13 stöðum á landinu. Í bréfinu bendir forstjórinn á að embætti forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins sé á vissan hátt sambærilegt en laun hans séu umtalsvert hærri en laun forstjóra Vinnumálastofnunar. Starfsmenn Vinnumálastofnunar og starfsstöðvar séu þó langtum fleiri.

Með bréfum dagsettum 22. janúar 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og velferðarráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 12. febrúar 2013. Í bréfinu segir að fjármála- og efnahagsráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Vinnumálastofnunar hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstjórans þann 18. apríl 2007, að öðru leyti en fram komi í bréfi forstjórans.

Velferðarráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 21. mars 2013. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji mikilvægt að forstjóri Vinnumálastofnunar njóti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyra að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar sem störfunum fylgir. Ráðuneytið staðfestir jafnframt að starf forstjóra Vinnumálastofnunar hafi vaxið að umfangi frá október 2008 er skráð atvinnuleysi jókst mjög hratt á innlendum vinnumarkaði. Er í því sambandi bent á að árlegur rekstrarkostnaður stofnunarinnar í fjárlögum ársins 2008 var áætlaður 631,8 milljónir króna en sé áætlaður 1.145,6 milljónir krónar samkvæmt fjárlögum ársins 2013.

Með bréfi dagsettu 25. mars 2013 fékk forstjóri Vinnumálastofnunar send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og velferðarráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstjórans dagsettu 9. apríl 2013 er beiðni um endurskoðun launakjara ítrekuð. Umfang í rekstri Vinnumálastofnunar hafi aukist verulega, umfang bótagreiðslna hafi einnig aukist og stórukið álag sé í hvatningar- og vinnumarkaðsúræðum af margvíslegu tagi. Auk þess hafi starfsstöðvum fjölgað.

III.

Vinnumálastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Í 1. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir segir að með vinnumarkaðsaðgerðum sé átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og skipulag úrræða sem séu til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitanda. Markmið laganna er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Þá er lögnum ætlað að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu. Í 4. gr. laganna segir að Vinnumálastofnun annist framkvæmd laganna í umboði ráðherra. Stofnunin annist jafnframt önnur þau verkefni sem henni séu falin með sérlögum. Þá skuli stofnunin reka þjónustustöðvar og ákveði ráðherra hvar á landinu þær skuli vera að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að fela stofnuninni önnur verkefni en felast í lögnum.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar segir að Vinnumálastofnun skuli annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laganna á grundvelli þjónustusamnings við stjórn sjóðsins.

Einnig er Vinnumálastofnun falið að annast framkvæmd laga nr. 152/2006 um ættleiðingarstyrki og laga nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Samkvæmt 4. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir skipar ráðherra forstjóra Vinnumálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni gagnvart ráðherra. Samkvæmt 5. gr. laganna skipar ráðherra tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fengnum tilnefningum. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar og skal forstjóri Vinnumálastofnunar sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað laun forstjóra Vinnumálastofnunar þann 18. apríl 2007. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Aukið umfang starfsemi Vinnumálastofnunar sem og aukin verkefni gefa tilefni til breytinga á launakjörum forstjóra stofnunarinnar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Vinnumálstofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. febrúar 2013 skulu mánaðarlaun forstjóra Vinnumálstofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 764.558 krónur. Að auki skal greiða honum 23 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Vinnumálstofnunar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson